

**Nd.**

**787. Nefndarálit**

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir eigi orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill samþykkja frv. með litlum eða engum breytingum, en minni hl. (JakM og ÓTh) vill fella það.

Málið hefir enga athugun fengið í nefnd, og hefir engin rannsókn fram farið á því, hvort rétt séu áætlaðar þær tekjur, sem fjármálaráðh. telur, að rikissjóður muni fá með þessari lagasetningu, en nokkur ástæða þykir til að véfengja, að svo sé.

Að öðru leyti mun minni hl. gera grein fyrir afstöðu sinni í framsögu.

Alþingi, 11. des. 1935.

Jakob Möller,  
fundaskr.

Ólafur Thors,  
frsm.